

TTAR-

5. árg. 2. töl

Okt. 1989

PÓSTURINN

Eigandi þessa eintaks:

SKÓGARGERÐISDAGAR

14. og 15. júlí 1990

Nú hefur verið ákveðið að

2. mót skógargerðisættar

verði haldið ofangreinda daga næsta sumar.

Ættarpósturinn leggur hjer með til að ættin fari þegar að skipuleggja orlofsdaga sína á næsta ári með hliðsjón af þessum upplýsingum. Það er ekki ráð nema í tíma sje tekið einsog þar stendur.

Lesanda er nú eindregið ráðlagt að opna blaðið og lesa sjer til fróðleiks það sem þar segir um tilhögun næsta ættarmóts, skógargerðisætt o.fl.

Skógargærðisdagar

14.- 15. júlí 1990

Síðasta ættarmót var haldið snemma í júlí 1985 og þótti takast vel. Rösklega 100 manns sóttu mótið en börn eru þar ekki nákvæmlega með talin. Mótsgestir voru upp til hópa ánægðir og töldu margir viturlegt að efna til svipaðrar uppákomu að fimm árum liðnum. Þetta fagnaðarerindi hefur Ættarpósturinn nú tekið að sjer að boða.

Mótinu hefur - að sinni - verið valið yfirlætislaust nafn og er það til að undirstrika það stressleysi sem ÆP telur að eigi að einkenna samkomuna. Hann telur að dagskrá eigi að vera frjálssleg; sjer þó fyrir sjer einhverja fasta liði svo sem stutta kynnisferð og sameiginlegan fagnað í lokin (Þetta eru eingvan veginn frumlegar hugdettur; var sona seinast).

Rjett er að benda á að ekki er nein nauðsyn að einskorða skógargærðisdaga við 14. og 15. júlí sem eru laugardagur og sunnudagur. Hægt er að koma fyr (eða vera leingur) og gera þá úr þessu skógargærðisviku ef menn kjósa það. Einsog allir vita þá er Skógargærði einhver fegursti staður norðan Alpafjalla og þar er hægt að dvelja von úr viti. ÆP sjer fyrir sjer afslappað fólk sem nýtur lífsins og deilir þeirri nautn með ættmennum sínum um leið og það fræðist um rætur sem standa djúpt í landi og mannlífi á Hjeraði (sem er eina hjerað í heimi með stórum staf).

Hjer verður ekki fjölyrt um dagskrá ættarmótsins; ritstjórn ÆP skortir sjálfstraust til að skipuleggja það á eigin spýtur. Hún vill aðeins opna málið. Kanski þarf að stofna nefnd? Í þessu samhengi er rjett að nefna hjer síðustu ættar-mótsnefnd en þar áttu sæti:

Björn Helgason Rjúpufelli 20, Reykjavík.

Indriði Gíslason Barmahlíð 32, Reykjavík.

Ragnheiður B. Guðnadóttir Goðheimum 26, Reykjavík.

Smári Hermannsson Aratúni 15, Garðabæ.

Þetta var ágætis nefnd og stóð sig með prýði. Hún er meira að segja reiðubúin til að vera til ráðuneytis framað áramótum eða þángaðtil ný nefnd hefur verið sett (öll nöfnin eru í símaskrá). - Það má sjá tvenskonar galla á skipan þessarar góðu nefndar: 1. Hún er öll af Suðvesturhorninu (Hvað um jafnvægi í bygð landsins?). 2. Hún er öll úr sama ættlegg. ÆP leggur til að reynt verði að bæta úr þessu. Mun blaðið fylgjast grant með framvindu mála og birta frjettir og tilkynningar eftir því sem þörf krefur.

Skógargærðisætt

Í beinu framhaldi af því sem áðan var sagt er rjett að draga fram að skógargærðisætt er það fólk sem komið er af Helga Indriðasyni og Ólöfu Helgadóttur en þau fluttu að Skógargærði vorið 1882 og bjuggu þar allan sinn búskap. Börn þeirra voru þessi:

Gísli, kvæntur Dagnýu Pálsdóttur, 13 börn.

Helgi Indriði, kvæntur Laufeyu Jóhannsdóttur, 4 börn.

Guðrún, gift Jóhannesi Arngrímssyni, 2 börn.

Þórhallur, kvæntur Sigrúnu Guðlaugsdóttur, 5 börn.

Hallgrímur, kvæntur Málfríði Þórarinsdóttur, 3 börn.

Guðlaug og *Margrjet* voru barnlausar.

Hjer höfum við þá skógargærðisætt. Skv. þessu tali eru barnabörn Ólafar og Helga 27 og vitað er að þau hafa aukið kyn sitt, sum svo um munar. Því miður hafa ekki verið hentar reiður á afkomendum þeirra. Í lokahófi síðasta ættarmóts var reyndar sett upp nefnd til að hyggja að niðjatali. Þessi nefnd hefur enn ekkert gert; hún var heldur aldrei fullskipuð (Þetta var gert (of) seint í hófinu). Rjett þykir að benda á að þetta mál þarf að skoða betur.

ÆP leyfir sjer að fleyta þeirri hugmynd af stað að búa til *Skógargærðisbók*. Sú bók verður að vera nokkuð góð bók. Efni hennar væri m.a. ættarsagnir gamlar og nýar. Brýnt er að safnað sje (lognum og sönnum) sögnum um Helga og Ólöfu og börn þeirra. Öll þessi systkini (skógargærðis-systkini eldri) voru vel hagamelt. Hwur kann vísur eftir þau? Í þessari bók mætti líka hafa niðjatal. Helgi Ómar Bragason (ritstjórnarfulltrúi á ÆP) stefnir að því að hafa tilbúið næsta sumar nokkuð þjett yfirlit yfir afkomendur Gísla og Dagnýar. Er því hjer með beint til annara ættleggja að taka sjer þetta til fyrirmyndar.

Skógargærði: vettvángur daganna

Skógargærði er ystur bær í Fellum og stendur niðri við Fljótið þarsem Rángá sameinast þessu merkilega, hvíta vatnsfalli. Af hríngvegi á miðju Hjeraði er þangað 5-8 mínútna akstur eftir Hróarstúnguvegi.

Af tjeðum vegi er steinsnar heim að bæ. Þar stendur gamalt steinhús (bygt 1915-1918). Skógargærðissystkini yngri hafa undanfarin ár unnið að viðgerð og endurbyggíngu þessa húss. Er það verk langt komið. Þar verður boðið uppá alla þá fyrirgreiðslu sem hægt er að láta í tje. Gistirými er þó nokkuð takmarkað.

Rjett ofanvið húsið er í túninu afmörkuð flöt sem eftir síðasta ættarmót hlaut nafnið Ættarflöt. Þar er kjörinn tjaldstaður og þar var miðdepill síðasta ættarmóts.

Hjer er ekki hægt að lýsa landi einsog vert væri. Þar hlýtur sjón að verða sögu ríkari. Nefna má að kletthóll neðar í túni er aðsetur álfa.

Draumur um skóg

Nafnið Skógargerði segir sína sögu og verður ekki fjölyrt um hana (Framað síðasta ættarmóti sást þar ekki birkikrækla). Skógargerðissystkin, eldri og yngri, hafa átt þann draum að jörðin kafnaði ekki undir nafni. Á síðasta ættarmóti var hafin sókn til þessara gömlu markmiða. Þá voru gróðursettar nokkrar plöntur í landi sem hafði verið alveg friðað. Því hefur verið haldið áfram síðan. Árángur lætur ekki á sjer standa þó nokkuð sje hann að vísu misjafn. Annars hefur komið í ljós að birki vex af sjálfu sjer þegar landið hefur verið friðað. Ritstjórn ÆP telur að hjer sje verðugt viðfángsefni fyrir alla: Það ætti e t v að gera það að skilyrði fyrir þátttöku í skógargerðisdögum 90 að menn kæmu með plöntur með sjer og kæmu þeim fyrir í jörð þeirri sem geymir spor forfeðra þeirra.

Kæru lesendur. Látið nú í ukkur heyra. Liggið ekki á hugmyndum um ættarmót, ættarbók eða aðra merkilega hluti. Hafið samband við ÆP.

ÆTTARPÓSTURINN

Ritstjóri: Indriði Gíslason

Barmahlíð 32, 105 Reykjavík. Sími: 91-25743.

Ritstjórnarfulltrúi: Helgi Ómar Bragason

Smárahvammi 1c í Fellabæ, 701 Egilsstaðir. Sími: 97-11975.

Ráðunautur ritstjórnar: Örnólfur Thorsson

Tómasarhaga 27, 107 Reykjavík. Sími: 91-21056.